



Alþingi – nefnda- og greiningasvið

Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjanesbær, 23. október 2023

Mál nr. 2023020682

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.

Með lagafrumvarpinu er verið að færa skipulags- og byggingarvald frá hlutaðeigandi sveitarfélagi yfir til Skipulagsstofnunar að fenginni beiðni frá Vinnumálastofnun.

Með því að svipta sveitarfélög skipulags- og byggingarvaldi er verið að skapa slæmt fordæmi til framtíðar í skipulags- og byggingarmálum.

Með lagafrumvarpi þessu er í raun verið að setja starfsmenn skipulags- og byggingarfulltrúa, eldvarnareftirlits og heilbrigðiseftirlits í þá stöðu að vinna gegn eigin vitneskju, heiðri og samvisku með því að taka ábyrgð á að setja borgara í ómannúðlegar aðstæður.

Það að hlutaðeigandi sveitarfélag skuli tilkynna lóðarhöfum og nágrönnum í grenndinni um breytta notkun á húsnæði er fráleitt. Sú kynning á betur heima hjá Skipulagsstofnun eða Vinnumálastofnun sem er í raun samkvæmt frumvarpinu leyfisveitandi.

Í lagafrumvarpinu eða greinargerð er hvergi tekið á mótvægisáðgerðum til að leysa þann vanda sem frumvarpinu er ætlað að koma til móts við, einnig er frjáls heimild ráðherra til framlengingar á reglugerð til veitingu undanþága letjandi til varanlegra lausna til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Sveinn Björnsson
byggingarfulltrúi

Gunnar Kr. Þ. Ottósson
skipulagsfulltrúi

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni